

Hlaupum hraðar

- slítum fjötrana og sækjum tækifærin



EFNISYFIRLIT

NÝ EFTIRSÓTT STÖRF OG AUKIN VERÐMÆTI	5
FRAMTÍÐARSÝN TIL 2025.	7
IÐNAÐUR SKAPAR VERÐMÆTI.	8
SAMHÆFÐ STEFNUMÓTUN MEÐ ATVINNUSTEFNU	11
MENNTUN	12
INNVIÐIR	14
NÝSKÖPUN.	16
STARFSUMHVERFI	18
ORKA OG UMHVERFI	20
SÆKJUM TÆKIFÆRIN	22

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, mars 2021

Hönnun: Hvíta húsið

Ljósmyndir: Guðmundur Þór Kárason

Prentun: Litróf

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir (margret@si.is) og Sigurður Hannesson (sigurdur@si.is)

Þeir sem komu að gerð skýrslunnar: Björg Ásta Þórðardóttir (bjorg@si.is), Ingólfur Bender (ingolfur@si.is), Jóhanna Klara Stefánsdóttir (johanna@si.is), Jóhanna Vigdís Arnardóttir (hansa@si.is), Lárus M.K. Ólafsson (larus@si.is), Sigríður Mogensen (sigridur@si.is).

Samtök iðnaðarins - Húsi atvinnulífsins - Borgartúni 35 - www.si.is - mottaka@si.is

Ný eftirsótt störf og aukin verðmæti

Á næstu 12 mánuðum verða teknar ákvarðanir sem munu ráða miklu um efnahagslega framtíð á Íslandi næstu ár og áratugi. Kólnun hagkerfisins var staðreynd fyrir heimsfaraldur kórónuveiru. Farsóttin reynist hinu opinbera mjög kostnaðarsöm og nemur aukning skulda hátt í milljarði króna á hverjum virkum degi. Eftir skynsama hagstjórn undanfarinna ára er ríkissjóður vel í stakk búinn að taka á sig auknar byrðar en að lokum kemur að skuldadögum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífina svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Leið skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina. Með því að slíta fjötrana sem halda aftur af atvinnulífina með markvissum hætti á næstu mánuðum verður hægt að hraða uppbyggingu og skapa ný og eftirsótt störf og aukin verðmæti.

Verðmætasköpun sem byggir á öfluglu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Samtök iðnaðarins, sem hreyfiafl í íslensku samfélagi, vilja vinna með stjórnvöldum að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og almenning í landinu. Með umbótum í menntun, innviðum, nýsköpun, starfsumhverfi og orku- og umhverfismálum eykst framléiðni sem leiðir til hagsældar.

Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til umræðunnar í aðdraganda kosninga. Miklu máli skiptir að ákvarðanir nýrra stjórnvalda leiði til umbóta á Íslandi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Í þessari skýrslu eru lagðar fram 33 tillögur að umbótum sem ráðast þarf í á næstu 12 mánuðum.

HLAUPUM HRAÐAR – SLÍTUM FJÖTRANA OG SÆKJUM TÆKIFÆRIN

Samtök iðnaðarins leggja til mikilvægar umbætur og hvetja til þess að stjórnvöld setji eftirfarandi í forgang

Öflugri iðnaður

Samkeppnishæfni Íslands efið með mótun atvinnustefnu

Hraðari uppbygging

Uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og innviða hraðað

Sækjum tækifærin

Tækifærin í orku-sæknum iðnaði og hugverkaiðnaði sótt




Framtíðarsýn til 2025

Samdrátturinn í efnahagslífinu var mikill á síðastliðnu ári. Heimsfaraldur kórónuveiru olli verulegum samdrætti í gjaldeyristekjum. Atvinnuleysi jókst hratt og fór upp í hæðir sem Íslendingar eru ekki vanir að sjá. Verkefni hagstjórnar á næsta kjörtímabili eða til ársins 2025 er að skapa nægan hagvöxt til að ná atvinnuleysinu niður á ásættanlegt stig og auka efnahagsleg lífsgæði þjóðarinnar. Til þess að þetta verði að veruleika verður að ráðast í aðgerðir strax. Auka þarf gjaldeyristekjur, verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum. Efla verður samkeppnishæfni með áherslu á þá þætti sem helst eru til þess fallnir að örva verðmætasköpun fyrirtækja í landinu og leiða til fjölgunar starfa.

Ef ná á atvinnuleysi niður í 3,5% árið 2025, þ.e. niður í viðlíka hlutfall og það var á árinu 2019, þarf að jafnaði 4,2% hagvöxt á ári á næsta kjörtímabili. Fjölga þarf störfum á tímabilinu um rétt ríflega 29 þúsund og landsframleiðsla þarf að aukast um 545 milljarða króna yfir tímabilið. Rétt er að leggja áherslu á að þessi verðmætasköpun og raunar fjölgun starfa þarf að eiga sér stað í einkageiranum og með aukningu gjaldeyristekna. Auka þarf gjaldeyristekjur um 300 milljarða króna yfir tímabilið eða sem nemur ríflega 1,4 ma.kr. á viku. Takist þetta munu efnahagsleg lífsgæði landsmanna aukast á tímabilinu og landsframleiðsla á mann verður meiri á árinu 2025 en hún var á árinu 2019, fyrir efnahagsáfallið sem fylgdi heimsfaraldrinum.

ÍSLAND 2021 OG 2025 FJÁRHÆÐIR Á VERÐLAGI 2021



Iðnaður skapar verðmæti



Iðnaður er mjög umfangsmikill í íslensku efnahagslífi. **Iðnaður stóð að baki þriðjungi hagvaxtarins í síðustu efnahagsuppsveiflu.** Iðnaður er fjölbreyttur og snertir nær alla þætti hagkerfisins. Innan iðnaðar starfar fjölbreytt flóra af fyrirtækjum sem eru samofin öllum sviðum efnahagslífsins með einum eða öðrum hætti. Fyrirtækin eru bæði lítil og stór, í rótgrónum og nýjum iðngreinum og með starfsemi um allt land.



Iðnaður skapaði rúmlega 22% landsframleiðslunnar árið 2019 með beinum hætti eða ríflega fimmting. Reikna má með því að vægi hans hafi vaxið síðan. Ef óbeint framlag iðnaðar til verðmætasköpunar hagkerfisins er tekið með er umfangið talsvert meira. Greinin stóð undir þriðjungi hagvaxtar í síðustu efnahagsuppsveiflu, á árunum frá 2011 til 2019.



Iðnaður er umfangsmikill á íslenskum vinnumarkaði en tæplega **44 þúsund manns starfa í iðnaði** eða **einn af hverjum fimm** hér á landi. Tölurnar undirstrika umfang iðnaðarins á íslenskum vinnumarkaði og mikilvægan þátt greinarinnar í gangverki hagkerfisins.




Áætlað er að gjaldeyristekjur fyrirtækja í iðnaði hafi á árinu 2020 numið 383 milljörðum króna eða 40% gjaldseyrstekna hagkerfisins. Tvær af fjórum meginstöðum gjaldseyrstöflunar þjóðarþúsins eru iðnaður; orkusækinn iðnaður og hugverkaiðnaður.




Velta í iðnaði er um **33% af allri virðisaukaskattskyldri veltu fyrirtækja** í landinu. Undirstrikar það hlutfall mikið umfang iðnaðar í hagkerfinu.


HLUTDEILD ATVINNUGREINA Í LANDSFRAMLEIÐSLU 2019



FJÖLDI STARFANDI EFTIR ATVINNUGREINUM 2019



VÆGI GREINA Í GJALDEYRIS-TEKJUM ÞJÓÐARÞÚSINS 2020 BRÁÐABIRGÐATÖLUR






Samhæfð stefnumótun með atvinnustefnu

Atvinnustefna á að vera kjarni í stefnumótun hins opinbera enda getur slík stefna styrkt stoðir, aukið stöðugleika, fjölgað störfum og aukið útflutningsverðmæti. Atvinnustefna þarf að vera rauður þráður í gegnum stefnumótun í þeim málaflokkum sem helst hafa áhrif á framleiðni og samkeppnishæfni; menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi og orka og umhverfi. Með atvinnustefnu er lagður grunnur að uppbyggingu til að styðja við efnahagslega velsæld en ekki síður getur atvinnustefna verið rauður þráður í stefnumótun hins opinbera. Þannig er hægt að ná samræmi í ólíkum málaflokkum svo opinberir fjármunir nýtist á sem hagkvæmasta hátt og dregið sé úr sóun. Atvinnustefna er sú samhæfing sem þarf til að efla samkeppnishæfnina á sem skilvirkasta hátt.



Menntun



Innviðir



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Orka og umhverfi



MENNTUN

Öflugt menntakerfi tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma með skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Íslenskt menntakerfi þarf að mæta þörfum atvinnulífsins og kröfum framtíðarinnar. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur bent á að hér á landi séu vísbendingar um færnimisræmi á vinnu- markaði. Fleiri iðnmenntaða vanti á vinnumarkað sem og fleiri tæknimenntaða á háskólastigi. Þar er vísað til raunvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði eða svonefndra STEM greina (Science, Technology, Engineering, Mathematics). Eigi að efla hugverkaiðnað og orkusækinn iðnað sem útflutningsstoðir þarf að útskrifa fleiri úr þessum greinum.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld með menntamálaráðherra í fararbroddi horft sérstaklega til þessara greina með kynningarstarfi, efnahagslegum hvötum og með því að ryðja kerfislægum hindrunum úr vegi. Aðsókn að starfsnámi hefur aukist síðastliðin ár. Samtök iðnaðarins hafa sett markmið um að 20% grunnskólanema velji starfsmenntun árið 2025 og 30% árið 2030. Reglugerð um breytingu á vinnustaðanámi sem tók gildi í febrúar 2021 hefur jákvæð áhrif en efla ætti enn frekar fagháskólastig og raunfærnimat í samvinnu framhaldsskóla og háskóla. Þá eru væntingar um að breytingar á reiknilíkani háskólanna og aðrar aðgerðir leiði til þess að fleiri útskrifist úr STEM greinum. Samtök iðnaðarins hafa sett markmið um að hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum verði 25% árið 2025.


Ríka áherslu þarf að leggja á endurmenntun, starfsþróun, raunfærnimat og full-orðinsfræðslu samfara hækkandi lífaldri. Menntakerfið þarf að laga sig að breyttum veruleika enda eru starfskraftar framtíðarinnar að mennta sig um þessar mundir. Í námi á öllum skólastigum þarf að leggja áherslu á vitneskju um tækniþróun, skapandi hugsun, greiningarhæfni og lausnamiðaða nálgun enda mun það skipta meira máli á tímum aukinnar sjálfvirkni en áður.

Menntunarstig hvers samfélags hefur veruleg áhrif á hagsæld þess. Mikilvægt er að fyrir liggja stefnumið varðandi menntun íslensku þjóðarinnar til framtíðar þannig að mannauðurinn standist samanburð við það sem best gerist. Á sama tíma ætti framtíðarsýnin ekki aðeins að markast af þeirri breyttu heimsm mynd sem við blasir með tækniþróun heldur þarf að líta til áherslusviða við uppbyggingu atvinnulífs framtíðar. Vel mótuð atvinnustefna grundvallar ákvarðanir í þessu samhengi jafnt til lengri tíma og skemmri. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur svo að öflugt menntakerfi verði forsenda aukinnar hagsældar.



TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

1. Opna aðgengi starfsmenntaðra að háskólanámi og vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Samþykkja frumvarp um breytingu á lögum um háskóla sem er í Samráðsgátt stjórnvalda.
2. Greiða götu þess að framkvæmdir við byggingu nýs Tækniskóla verði hafnar á árinu 2022.
3. Innleiða hvata þannig að háskólar útskrifi fleiri nemendur í STEM greinum.
4. Efla og hvetja til nýsköpunar og nýstárlegrar kennslutækni á öllum skólastigum og auka áherslu á forritun og raun- og tæknigreinar frá yngstu stigum grunnskóla með því að fylgja eftir lögum um aðalnámsskrá.
5. Ljúka innleiðingu rafrænna ferilbóka í öllum greinum á árinu 2021.



INNVIÐIR

Innviði landsins þarf að þróa og uppfæra í takt við þarfir samfélagsins og framtíð þess enda er uppbygging innviða forsenda þess að atvinnulíf blómstri um land allt. Fjárfesting í innviðum hefur verið of lítil á síðustu árum og það mun bitna á lífskjörum í framtíðinni verði ekki verulega bætt í. Samkeppnishæfni Íslands er í húfi enda verðum við að standa jafnfætis öðrum ríkjum sem við viljum bera okkur saman við til að ná þeim lífskjörum sem sóst er eftir. Fjárfesta þarf fyrir hundruð milljarða króna svo innviðir landsins séu nægilega sterkir og styðji við framtíðarvöxt.

Það er óhugsandi að ímynda sér íslenskt samfélag án innviða á borð við samgöngur, veitur, orkuvinnslu og -flutning, skóla og sjúkrahús. Saman mynda þessir innviðir lífæðar samfélagsins. Hagkvæmir, skilvirkir og áreiðanlegir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífs og heimila skila sér í aukinni samkeppnishæfni þjóðarbúsins, aukinni velmegun og betri lífsgæðum fyrir íbúa. Flestir eru þessir innviðir á forræði hins opinbera með einum eða öðrum hætti. Með fjárfestingum í innviðum eru byggðar upp stoðir fyrir hagvöxt framtíðarinnar. Atvinnustefna sem hefur mikilvægi innviða að leiðarljósi er til þess fallin að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf og góð efnahagsleg lífskjör.

Innviðakerfið hér á landi er umfangsmikið. Endurspeglar það mikilvægi þess fyrir verðmætasköpun hagkerfisins. Viðhaldi innviða þarf hins vegar að sinna til jafns við uppbyggingu þeirra ef þeir eiga að geta þjónað tilgangi sínum. Ný skýrsla Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi sýnir að uppsöfnuð viðhaldsþörf er 420 ma.kr. í innviðakerfinu hér á landi og að ástand sumra innviða er slæmt. Horfur eru víða ekki góðar í innviðakerfinu og uppsöfnuð viðhaldsþörf er mikil, t.d. í innviðum á borð við vegakerfið og fasteignir hins opinbera. Það er því mikilvægt að á næsta kjörtímabili verði uppbygging innviða sett í forgang þar sem stórátak þarf til að koma þeim í það ástand að þeir mæti kröfum og þörfum nútíma samkeppnishæfs samfélags. Til þess að hrinda í framkvæmd mörgum af stærri þjóðhagslega arðsömum verkefnum á þessu sviði sem auka munu framleiðslugetu hagkerfisins er mikilvægt að fara leið samvinnu hins opinbera og einkaaðila (e. Public Private Partnership – PPP). Með þeim hætti má tryggja að af þessum verkefnum verði fyrr en ella til hagsbóta fyrir verðmætasköpun þjóðarbúsins.

Einfalda þarf umhverfi byggingar- og mannvirkjargæðar þar sem skortur er á eignarhaldi og yfirsýn yfir málaflokkinn. Kjarni málsins er sá að núverandi starfsumhverfi byggingarmála er óskilvirkt og óhófleg reglubyrði eykur jafnframt flækjustig. Boðleiðir eru langar og ákvarðanatáka tímafrek.

Stór skref hafa verið tekin í jákvæða átt með sameiningu málaflokka hjá ráðuneytum og með stofnun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en þörf er á að ganga enn lengra.

Aðkoma sveitarfélaga að einföldun í kerfinu er einnig nauðsynleg enda fara þau með skipulagsvald, leyfisveitingar og síðast en ekki síst gerð húsnæðisáætlana. Talsvert ósamræmi er nú í afgreiðslu sveitarfélaga hvað varðar byggingareftirlit, skipulagsmál og túlkun þeirra á regluverkinu. Þá þarf ríkið jafnframt að hafa betri yfirsýn yfir málaflokkinn og hafa aukið íhlutunarvald þegar kemur að skipulagsmálum. Hvort tveggja, ríki og sveitarfélög, bera ábyrgð á því að hraða skipulagsferlum. Ríkið ber ábyrgð á að einfalda regluverk en sveitarfélög þurfa að tryggja skjóta afgreiðslu. Skipulagsferli er of þungt í vöfum og tekur of langan tíma. Tryggja þarf styttri afgreiðslutíma og koma í veg fyrir hamlandi skipulagsskilmála sem leiða til aukins kostnaðar og tafa við byggingu húsnæðis og hamla nýsköpun. Sveitarfélög og ríki þurfa að vinna saman að þessu markmiði.

Aukinn sveigjanleiki í byggingarreglugerð, eftirlit byggt á flokkun mannvirkja, innleiðing rafrænnar stjórnsýslu og endurskoðun skipulagsferla mun stuðla að lægri kostnaði og aukinni skilvirkni við mannvirkjagerð en samhliða því þarf að auka framboð á nýjum lóðum. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur þannig að innviðir og uppbygging íbúðarhúsnæðis séu í takt við þarfir samfélagsins.

TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

6. Breyta samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í innviðaráðuneyti til að gera ákvarðanatöku skilvirkari í málefnum innviða og íbúðarhúsnæðis.
7. Auka nýfjárfestingar og viðhald í innviðakerfinu. Leggja áherslu á að auka viðhald á þeim innviðum sem eru með mesta uppsafnaða viðhaldsþörf og í versta ástandinu sbr. skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi. Leggja áherslu á nýfjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning.
8. Nýta samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða og flýta þannig þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu. Ná þarf samningum um slík verkefni á árinu 2021.
9. Framlengja átakið „Allir vinna“, a.m.k. út árið 2022.
10. Tryggja stöðuga uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með því að auka framboð á nýju byggingarsvæði, bæta rafræna stjórnsýslu, tryggja aðgengi að gögnum og stytta tímafresti.
11. Innleiða rafræna byggingargátt.
12. Koma í framkvæmd fyrir lok árs 2021 tillögum átakshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá árinu 2019.
13. Endurskoða lagaumhverfi skipulagsmála og hraða skipulagsferlum sveitarfélaga.
14. Sameina embætti byggingarfulltrúa víða um land og samræma vinnubrögð sveitarfélaga.



NÝSKÖPUN

Ísland á að vera í fremstu röð meðal þjóða heims þegar kemur að nýsköpun. Styrkja þarf þjóðarbúið í harðri alþjóðlegri samkeppni á þessu sviði enda er hugvit án landamæra. Á árinu 2020 áttu sér stað mikilvægar umbætur á sviði nýsköpunar. Þar þar hæst hækkuð á hlutfalli og þaki á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar. Fleira kom til. Nýr hvatasjóður frumkvöðlafjárfestinga, Kría, var festur í lög og framlög til Tækniþróunarsjóðs aukin. Þessar aðgerðir eru mikið framfaraskref og leggja SI áherslu á að haldið verði áfram á þessari braut.

Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun í atvinnulífi leggur grunninn að sköpun verðmætra og eftirsótttra starfa í framtíðinni. Nýsköpun á sér stað í öllum atvinnugreinum og hjá litlum og stórum fyrirtækjum. Með því að skapa kjöraðstæður fyrir nýsköpunardrífna starfsemi fyrirtækja hér á landi mun Ísland jafnframt leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að mæta þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við loftslagsmál og öldrun þjóðarinnar, með tilheyrandi arði sem í því felst fyrir þjóðarbúið. Aðgerðir til að örva nýsköpun eru einnig nauðsynlegar til að uppfylla þörf fyrir aukinn útflutning, en gjaldeyristekjur þjóðarbúsins þurfa að aukast gríðarlega til að halda í við, og efla, lífskjör til framtíðar. Þetta verður einungis kleift með virkjun hugvits, nýsköpun, nýjum útflutningi og nýjum leiðum til að vinna aukin verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðlindum þjóðarbúsins.

Umgjörð og hvatar til nýsköpunar á Íslandi verða að fá veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar enda mun fjárfesting í nýsköpun ráða úrslitum um framtíðarlífskjör hér á landi. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur sem næstu skref í að skapa forsendur fyrir því að íslenskt hagkerfi verði í ríkari mæli drifið áfram af fjárfestingu í nýsköpun.

TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

15. Gera breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, hækkuð þaks og endurgreiðsluhlutfall vegna rannsókna og þróunar, ótímabundnar. Markmiðið er að skapa fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja og gera þeim kleift að gera langtímaáætlanir um þróunarverkefni.
16. Hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
17. Gera hækkuð á heimild lífeyrissjóða úr 20% í 35% vegna fjárfestinga í vísisjóðum varanlega.
18. Auka enn frekar framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum um úthlutunarhlutfall þannig að framlög taki mið af eftirspurn. Með þeim hætti er unnt að bregðast við háu atvinnuleysi og tilheyrandi aukinni aðsókn í sjóðinn hverju sinni.
19. Hvetja til verndunar hugverka með því að skattleggja tekjur fyrirtækja af hugverkaverndaðri vöru og þjónustu á annan hátt en aðrar viðskiptatekjur.
20. Liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands með rýmkun á heimild til skattafrádráttar, einföldun ferla leyfisveitinga og stafrænni nálgun.
21. Markaðssetja Ísland á breiðari grunni, sem nýsköpunarland og því beint sérstaklega að fjárfestum, frumkvöðlum og erlendum sérfræðingum. Stórefla upplýsingagjöf um skattahvata og umgjörð nýsköpunar.
22. Efla stuðning við markaðssókn fyrirtækja og sölu á íslensku hugviti. Setja á laggirnar sérstakan sölu- og markaðspróunarsjóð í umsjá Rannís með 1 ma.kr. árlegu framlagi í sjóðinn.





STARFSUMHVERFI

Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi er ein lykilforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og góðra lífskjara. Ef starfsumhverfið er skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila er staðan sterk og líklegra að fyrirtækjum og efnahagslífinu öllu vegni vel. Með starfsskilyrðum er vísað til ytri aðstæðna hvers fyrirtækis sem felst í efnahagslegu, lagalegu, félagslegu og tæknilegu umhverfi í hverju landi. Þessi ytri skilyrði ákvarðast m.a. í samspili milli stjórnvalda og atvinnulífs. Með stöðugleikanum skapast skilyrði til aukinna fjárfestinga, framleiðnivaxtar og hagvaxtar til lengri tíma. Hagkvæmni þarf til að skapa samkeppnisforskot þar sem kostnaður við framleiðsluþætti tekur mið af framleiðni. Með aukinni skilvirkni í starfsumhverfi fyrirtækja, sem felur m.a. í sér einfaldara regluverk og skilvirkt eftirlitskerfi sem tryggir að öll fyrirtæki starfi eftir sömu leikreglum, er dregið úr sóun bæði hjá fyrirtækjum og hinu opinbera. Það skiptir sköpum fyrir atvinnulífið og eykur fyrirsjáanleika og gegnsæi í rekstri fyrirtækja. Ennfremur er mikilvægt að tryggja virka og heilbrigða samkeppni á mörkuðum með því að eyða óvissu um túlkun samkeppnisreglna og bæta eftirlit með samkeppni opinberra aðila á markaði.

Til að ná fram stöðugleika er mikilvægt að hagstjórnartækjunum á sviði opinberra fjármála og peningamála sé beitt með réttum hætti. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að ganga í takt við stjórnvöld og Seðlabankann í þessu efni. Tækjum hagstjórnar er nú beitt til að draga úr dýpt niðursveiflunnar og skapa efnahagslega viðspyrnu inn í nýtt hagvaxtarskeið. Markmið aðgerða stjórnvalda á að vera að skapa störf og auka verðmætasköpun fyrirtækja. Þannig bætum við lífskjör.

Góð skuldastaða hins opinbera hefur gefið svigrúm til að beita fjármálum ríkis og sveitarfélaga af fullum þunga til að milda niðursveifluna og skapa forsendur fyrir hagvöxt. Gæta þarf að því að forgangsröðun sé rétt og að skuldasöfnun sé ekki umfram það sem mæta má með sjálfbærum hætti litið til framtíðar. Þannig er stöðugleikinn best tryggður. Verðbólguvæntingar við markmið peningastefnunnar gefa Seðlabankanum einnig svigrúm til þess að beita tækjum peningastjórnunar til að örva hagkerfið. Stýrivextir bankans hafa verið lækkaðir umtalsvert til að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að takast á við efnahagssamdráttinn en bankinn hefur einnig aukið við útlánagetu fjármálakerfisins.

Ein stærsta áskorun næsta kjörtímabils er að finna leiðir til að tryggja samkeppnishæft starfsumhverfi sem laðar til landsins fólk og fyrirtæki. Auka má hagkvæmni með því að lækka álögur á fyrirtæki, t.d. með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Gott og heilbriggt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld íbúa. Með réttum aðgerðum á þessu sviði má skapa störf og auka verðmæti. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur til að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins.

TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

23. Beita af fullum þunga fjármálum ríkis og sveitarfélaga til þess að skapa kröftuga viðspyrnu fyrir hagkerfið inn í nýtt hagvaxtarskeið. Nýta það svigrúm sem góð skuldastaða hins opinbera gefur til að reka hið opinbera með halla og örva þannig hagkerfið til vaxtar. Gæta að því að forgangsröðun sé rétt og að skuldasöfnun sé ekki umfram það sem mæta má með sjálfbærum hætti litið til framtíðar.
24. Létta álögum af fyrirtækjum eins og kostur er, m.a. lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.
25. Beita tækjum peningastjórnunar enn frekar til þess að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar og vöxt í innlendri eftirspurn. Lækka vexti frekar og auka aðgengi fyrirtækja að fjármagni.
26. Bæta eftirlit með lögum um handiðnað með áherslu á aukna skilvirkni og meðalhóf. Færa eftirlit frá lögreglu til annarrar stofnunar, t.d. iðnráðs, eftirlitsheimildir auknar og aukin samþætting eftirlits.
27. Gera aðgengilega lista yfir alla þá sem hafa réttindi til að starfa sem iðnaðarmenn.
28. Auka samkeppniseftirlit með starfsemi opinberra fyrirtækja.
29. Vinna áfram að markvissri endurskoðun á gildandi regluverki með það að markmiði að einfalda regluverk og draga úr óþarfa reglubyrði. Við setningu nýrra reglna skulu áhrif þeirra á atvinnulífið ávallt metin .





ORKA OG UMHVERFI

Leiðin að minni losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans. Mikill árangur í baráttu gegn losun gróðurhúsalofttegunda hefur náðst hér á landi á síðustu áratugum, m.a. með nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til húshitunar og orkuvinnslu. Samhliða því hefur atvinnulífið leitað leiða á eigin forsendum til að breyta framleiðsluferlum, starfsemi sinni eða öðrum þáttum til að lágmarka áhrif á umhverfið. Þessi aukna áhersla hefur, og mun áfram, leiða til þróunar í grænni tækni, umhverfisvænni framleiðsluferlum og orkuskiptum í samgöngum svo dæmi séu tekin. Á vettvangi raforkumála fagna Samtök iðnaðarins því að stjórnvöld hafi tekið tillit til ábendinga samtakanna um úrbætur á því sviði. Samtökin ítreka eftir sem áður mikilvægi þess að stuðla að aukinni samkeppnishæfni allra eininga í virðiskeðju raforkumála, allt frá vinnslu til afhendingar.

Metnaðarfull markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála eru áskorun fyrir samfélagið á komandi áratugum en að sama skapi verða til tækifæri til þess að nýta hugvit og sköpunargáfu til að þróa nýja tækni og aðferðir til að gera hluti öðruvísi og betur. Gott samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og almennings er forsenda þess að árangur náist.

Í því samstillta átaki sem framundan er á þessu sviði er mikilvægt að líta til þeirrar reynslu og hugvits sem byggst hefur upp í atvinnulífinu. Leita þarf leiða til að ýta undir slíka framþróun með jákvæðum hvötum í stað þess að einblína alfarið á boð og bönn. Þá er mikilvægt að einfalda leyfisveitingakerfi og málsmeðferð innan stjórnsýslunnar með það að leiðarljósi að stuðla að gagnsæi og skilvirkni. Því er mikilvægt að tryggja að regluverk standi ekki í vegi fyrir jákvæðri framþróun á þessu sviði og fjárhagslegum hvötum verði komið á til að styrkja enn frekar þróun, s.s. styrkir á vettvangi Loftslagssjóðs. Þá þarf að tryggja samspil á milli hringrásarhagkerfis og bættrar hráefna- og auðlindanýtingar með því að gera fyrirtækjum kleift að framleiða t.a.m. raforku úr afgangsvarma sem að óbreyttu streymir óbeislaður út í umhverfið.

Ef takast á að stemma stigu við loftslagsvanda, sem er alþjóðlegt hagsmunamál, liggur fyrir að það þurfa að eiga sér stað orkuskipti, þar sem skipt er úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa. Þar getur Ísland lagt mikið af mörkum. Metnaður stjórnvalda hlýtur að liggja til þess að draga úr flækjustigi í kerfinu og greiða götu þeirra sem vilja standa að slíkri uppbyggingu. Geta Íslendingar lært af Norðmönnum og öðrum þjóðum. Það gengur ekki að verkefni sem geta stuðlað að verðmætasköpun hér á landi, og um leið að því að draga úr losun á heimsvísu, velkist í kerfinu árum saman með tilheyrandi kostnaði og neikvæðum áhrifum á loftslag í heiminum. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur til að ná enn frekari árangri í baráttunni gegn losun gróðurhúsalofttegunda.



TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

30. Breyta tilgangi og markmiðum Loftslagssjóðs þannig að sjóðurinn fjármagni umbreytingu í atvinnulífi sem dregur úr losun. Tekjur vegna sölu á losunarheimildum renni óskiptar í sjóðinn.
31. Skapa fjárhagslega hvata til að stuðla að umhverfisvænum breytingum hjá fyrirtækjum. Horfa til fordæma erlendis frá, s.s. starfsemi hins norska ENOVA-sjóðs sem styrkir verkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þróa orku- og umhverfistækni og efla raforkuöryggi.
32. Draga úr flækjustigi í stjórnsýslu vegna uppbyggingar í raforkukerfinu, s.s. hvað varðar leyfisveitingar og umhverfismat. Einfalda þarf málsmeðferð með innleiðingu á rafrænum lausnum fyrir leyfisveitingar framkvæmda, skipulagsferli, mat á umhverfisáhrifum og aðra tengda stjórnsýsluferla. Þá þarf að samræma ferli, forðast endurtekningar á ferlum og einfalda kæruheimildir.
33. Vinna að því að gera fyrirtækjum kleift að framleiða raforku úr auðlindastraumum í starfsemi sinni og selja inn á almennan markað. Ryðja þarf úr vegi lagalegum hindrunum, s.s. í raforkulögum, jafnt sem samningsbundnum takmörkunum og tryggja aðgang þessara aðila inn á almennan raforkumarkað. Tækifærin eru til staðar og því þarf að koma breytingum á sem allra fyrst til að tryggja enn frekar framboð á raforku og efla raforkuöryggi.

Sækjum tækifærin

Af útflutningsgreinum hagkerfisins eru tvær þeirra sem tilheyra iðnaði, hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Hugverkaiðnaður er sú útflutningsgrein sem tengist hinum þremur greinum, sjávarútvegi, ferðaþjónustu og orkusæknum iðnaði. Til að bæta við þeim 300 milljörðum króna í gjaldeyriskjör sem þarf á næstu fjórum árum er nauðsynlegt að sækja tækifæri til frekari gjaldeyrissköpunar. Samtök iðnaðarins hvetja til þess að tækifærin verði sótt í orkusæknum iðnaði og hugverkaiðnaði með frekari umbótum og markaðssókn til að laða að erlenda fjárfestingu. Með umbótum er átt við aðgerðir stjórnvalda til að auka samkeppnishæfni Íslands með mótun atvinnustefnu sem er samhæfð stefnumótun ólíkra málaflokka eins og rætt er hér að framan. Því til viðbótar er átt við umbætur stjórnvalda sem sérstaklega laða erlenda fjárfestingu til landsins með tilheyrandi aukningu verðmæta og nýrra eftirsótttra starfa. Slíkar umbætur geta falist í að taka tillit til nýrra greina. Þetta getur verið á forræði nokkurra ráðuneyta.

4 STÖÐIR ÚTFLUTNINGS



ORKUSÆKINN IÐNAÐUR

Orkusækinn iðnaður á sér yfir hálfri aldar sögu á Íslandi en á sjöunda áratug síðustu aldar sóttu stjórnvöld þess tíma tækifærin. Fallvötnin voru nýtt til frekari verðmætasköpunar með stofnun Landsvirkjunar og hvatt til erlendar fjárfestingar sem leiddi til uppbyggingar álversins í Straumsvík. Með tímanum hefur orkusækinn iðnaður orðið fjölbreyttari en til viðbótar við framleiðslu áls og kísils hefur starfsemi gagnavera vaxið. Gert er ráð fyrir frekari vexti orkusækings iðnaðar og leggur Landsvirkjun, stærsti orkuframleiðandi landsins, áherslu á fjögur svið vaxtar sem eru áframhaldandi vöxtur gagnavera, framleiðsla rafeldsneytis, framleiðsla rafhlöða og orkusækin matvælaframleiðsla. Þessi tækifæri sem og önnur á þessu sviði, meðal annars á grundvelli þess orkusækna iðnaðar sem þegar er á Íslandi, á að sækja og byggja á þeirri þekkingu sem hér hefur byggst upp á mörgum áratugum. Á þeim grunni eru einnig tækifæri í útflutningi á orkuþekkingu og grænum lausnum, en Grænvangur hefur umsjón með þeirri sókn. Þannig getum við hjálpað öðrum að ná sínum markmiðum í loftslagsmálum. Það gæti orðið okkar stærsta framlag til heimsbyggðarinnar á því sviði.

HUGVERKAIÐNAÐUR

Hugverkaiðnaður hefur vaxið undanfarin ár og er hann nú orðinn raunveruleg stoð í gjaldeyrissöflun hagkerfisins. Um er að ræða greinar fyrirtækja í upplýsinga- og fjar-skiptaiðnaði, kvikmyndaiðnaði, tölvuleikjaiðnaði, lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaði og öðrum hátækniðnaði. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga flest það sameiginlegt að byggja að stórum hluta á rannsóknum, þróun og nýsköpun. Með umbótum í umgjörð nýsköpunar á Íslandi hafa fyrirtæki orðið til og vaxið og framundan gæti verið vaxtarskeið á þessu sviði þar sem fyrirtæki ná markaðsstöðu og auka veltu. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár talað máli hugverkaiðnaðar og gætt hagsmuna félagsmanna á því sviði, sér í lagi varðandi nýsköpun. Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 15% af heildarútflutningstekjum þjóðarþúsins árið 2020. Ólíkt öðrum stoðum útflutnings þá byggir hugverkaiðnaður ekki á nýtingu auðlinda heldur á því að virkja hugvitið til sköpunar verðmæta og starfa. Með hliðsjón af því þá liggja helstu vaxtarmöguleikarnir í atvinnulífi og í útflutningi á sviði hugverkaiðnaðar. Ef rétt er á málum haldið og réttar ákvarðanir verða teknar á næstu mánuðum þá verður hugverkaiðnaður stærsta útflutningsgrein Íslands í framtíðinni.

